



Hafna- og atvinnumálaráð - 45 : 2212017 - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022-2023
Almennt: Tölvupóstur
Málsnúmer: MAR22090180
Málalyklar: 05.04.03 Byggðakvóti
Eigandi skjals: Sigurbjörg Óladóttir
Staða: Lokið
Dagsetningar:
Búið til: 16.01.2023
Dagsetning skjals: 16.01.2023

Upplýsingar um viðskiptavin:
Netfang: "Bæjarstjóri Vesturbyggð"
<bajarstjori@vesturbyggd.is>

Notandi: "Bæjarstjóri Vesturbyggð" <bajarstjori@vesturbyggd.is>
Dagsetning: 16.1.2023 09:07:08
Til: "Sigurbjörg Óladóttir" </o=Exchange Government/ou=Exchange Administrative Group (FYDIBOHF23SPDLT)/cn=Recipients/cn=059ee0dbdeb04cb6a0a24346f06c17a7-r04s>
Afrit til: "Elfar Steinn Karlsson" <elfar@vesturbyggd.is>
Efni: Hafna- og atvinnumálaráð - 45 : 2212017 - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022-2023

Góðan daginn,

Meðfylgjandi er afgreiðsla 45. fundar hafna- og atvinnumálaráðs vegna sérreglna varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð fiskveiðiárið 2022/2023, tilkynnt ráðuneytinu með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar, en tillagan verður tekin fyrir á fundi bæjarstjórnar 25. janúar n.k.

„2212017 - Úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiarinu 2022-2023

Lagt fram bréf atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins dags. 12. desember 2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023.

Formaður leggur til að sérreglur varðandi úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa í Vesturbyggð verðir óbreyttar frá síðasta fiskveiðiári og leggur fram eftirfarandi tillögur að sérreglum samkvæmt reglugerð nr. 1370/2022 um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiarinu 2022/2023:

a)Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Skipting þess aflamarks, sem nú kemur í hlut byggðarlags, auk þess aflamarks byggðarlagsins sem kann að vera eftir af úthlutun fyrra fiskveiðíárs, skal að öðru leyti fara fram til einstakra fiskiskipa sem uppfylla skilyrði 1. gr., sbr. og reglur um sérstök skilyrði fyrir úthlutun byggðakvóta í einstökum sveitarfélögum sem ráðuneytið staðfestir samkvæmt 2.-3. gr., eftir því sem við á, og skal skipt hlutfallslega, af því aflamarki sem fallið hefur til viðkomandi byggðarlags, miðað við allan landaðan botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið, innan sveitarfélagsins á tímabilinu 1. september 2021 til 31. ágúst 2022.

b)Ákvæði 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Afli af fiskiskipum sem landað er í sveitarfélagi af bátum sem ekki eru skráðir innan viðkomandi sveitarfélags á sama tíma, telst ekki til landaðs afla samkvæmt 1. mgr.

c)Ákvæði 1. másl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar breytist og verður: Fiskiskipum er skylt að landa þeim afla sem telja á til byggðakvóta til vinnslu innan sveitarfélagsins á tímabilinu frá 1. september 2022 til 31. ágúst 2023.

Tillaga formanns er samþykkt með 4 atkvæðum, EH greiddi atkvæði á móti.“

Virðingarfyllst,

Þórdís Sif

 Þórdís Sif Sigurðardóttir

Bæjarstjóri

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | www.vesturbyggd.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr. 47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér.



- image001.png



- image003.jpg



- Vesturbyggð - sérreglur byggðakvóta 2022-2023.docx